

Nd.

73. Nefndarátt

um frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 53, 11. júlí 1911, um verslun-
arbækur.

Frá allsherjarnefnd.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið nái fram að ganga.
Frv. er komið fram til þess að tryggja þeim, er þess óska, rjett á að fá viðskifti

sín skráð í sjerstakar viðskiftabækur (kontrabækur). Þessi viðskiftavenja mun tíðkast allviða enn, þótt ekki sjeu um hana lagafyrirmæli. Hjer er gert ráð fyrir að ákveða með lögum, að viðskiftabækur þessar fái sama gildi og frumbókar-estirritin hafa nú. Pykir rjett, að til sjeu lagafyrirmæli um þetta atriði, úr því að þessi viðskiftavenja hefir haldist. Frumbókarestirritin glatast oft, og er þá erfitt að vita jafnan til fulls, hvað viðskiftunum liður.

Einn nefndarmanna (J. K.) er andvigur frumvarpinu, af því að hann telur ekki heppilegt, að það verði að lögum.

Alþingi, 27. febrúar 1926.

Árni Jónsson,
fundaskrifari, frsm.

Jón Kjartansson,
form.

Jón Baldvinsson.

Pjetur Þórðarson.

Pjetnr Ottesen.